

BÍL – Bandalag íslenskra listamanna

Listamenn eru líka aðilar vinnumarkaðarins

Ritari: María Sigurðardóttir

Fundarstjóri: Kolbrún Halldórsdóttir

Framsaga: SI Almar Guðmundsson, NMI Berglind Hallgrímsdóttir, SA Bergþóra Halldórsdóttir, RANNÍS Ragnhildur Zoëga

Spurningarnar sem brenna á listamönnum varða starfskjör listamanna og aðgang þeirra að samtali "aðila vinnumarkaðarins" við ráðamenn á hverjum tíma um stöðu og horfur í vinnumarkaðsmálum.

Staða listamanna og hönnuða á vinnumarkaði er nokkuð sérstök, þeir eru launþegar, -ýmist hjá opinberum stofnunum eða einkaaðilum, en þeir eru jafnframt atvinnurekendur, -ýmist einyrkjar eða með einhvern hóp manna í vinnu á sínum vegum ...og stundum eru þeir allt þetta í senn. Þeir eru háskólamenntaðir, frumkvöðlar og stunda nýsköpun.... þeir hafa sjálfstæðan háskóla en eiga sér þó ekki markaðan stað innan þess kerfis sem ætlað er rannsóknar- og nýsköpunargeiranum, ... en þeir eiga launasjóði listamanna sem hafa lagastöð og verkefnasjóði sem eiga misjafnar stoðir í lögum... þeir eiga sér ekki stað í þjóðhagsreikningum og skráning menningartölfræði Hagstofu Íslands er ekki í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndum okkar....

Það er vitað að störfum í list- og menningargeiranum fjölga hraðar en störfum í öðrum geirum atvinnulífsins. Sex milljónir Evrópubúa starfa nú við skapandi greinar og sinna listamenn og hönnuðir upb 30% starfa innan menningargeirans. Þá byggir stór hluti afleiddra starfa á verkum listamanna og hönnuða. En hvar standa listamenn og hönnuðir í vinnumarkaðslegu tilliti? eru þeir þátttakendur í samtali stjórnvalda og „aðila vinnumarkaðarins“ um kaup og kjör í landinu? Og er horft til þeirra í tengslum við rannsóknir, nýsköpun og frumkvöðlastarf?

Þetta eru spurningarnar og vangavelturnar sem reifaðar verða á fundinum. Hvert og eitt ykkar fær 5 mínútur til að leggja fram helstu áherslur og sjónarmið ykkar samtaka / stofnana og svo höfum við ca 25 mínútur til að finna sameiginlega fleti með það að markmiði að hægara verði að tengja listamenn og hönnuði "aðilum vinnumarkaðarins" í nánustu framtíð.

Almar Guðmundsson - Samtök iðnaðarins.

Fjölbreyttur hópur. Mismunandi fyrirtæki.

Sprotafyrirtæki sem tengjast listum beint og óbeint.

Byggingageiri, arkitektar t.d. tenging við listgeira í þeim geira.

Framleiðslugeiri... Hönnun o.fl.

Áhugavert að skoða útfrá hagfræði, ekki bara reka hagkvæma afurð... heldur skoða útlit og þ.h. og skapar þar með sérstöðu.

Hugverkasvið. Kvikmyndagerðarfólk, leikjaframleiðsla o.fl.

Fjölbreytt innan vébanda iðnaðarins og mikil gerjun.

Vilja að skapandi greinar stækki. Koma því á framfæri við stjórnvöld. Það styrkir allar greinar þegar sterk fyrirtæki verða til.

CCP sjáum öðruvísi vinnubrögð, nota fjölbreyttan hóp til að ná árangri, t.d. úr listageiranum, við trúum á þetta, og viljum gera þetta lík. Hvatar nýttir.

Hugverka iðnaður - X-hugvit, starfsemi sem byggir ekki á takmarkaðri auðlind. Hreyfiafl fyrir kosningar! Fá fyrirtæki með sér, BÍL Listaháskólann o.fl.

Áhugavert gera hugverkum hátt undir höfði. Störf og menntun að breytast til framtíðar.

Koma hugmyndum á framfæri.

Berglind Hallgrímsdóttir - Nýsköpunarmiðstöð.

Sérstakur starfsmaður til að vinna með skapandi greinar hjá þeim.

Markmið NM hvetja til nýsköpunar. Aðstoða fólk sem er að vinna að eigin nýsköpunarhugmyndum.

Lista og menningargeirinn orðinn stór og þau þjónusta hann.

Meira samt í viðskiptahliðinni. auka viðskiptaþekkingu, t.d. þeirra sem vinna að skapandi greinum.

Halda námskeið í krafti evrópska samvinnu. Boðið upp á leiðbeiningaþjónustu, hjálpa fólki að vinna úr hugmyndum o.þh.

Yfir 50% sem biðja um þjónustu eru úr skapandi greinum.

Ferðaþjónustuverkefni Menningararfur, t.d. matur og hönnun. T.d. Skagafjörður gerður að Sturlungaslóð.

Vilja bæta þekkingu í ferðaþjónustu á stafrænni tækni.

Efst á baugi að vinna með menningargeiranum áfram.

Á alþjóðasviði, þekkingaruppfærslu í creative industries.

Kolbrún:

vantar samtal milli t.d. Nýsköpunarmiðstöðvar og annarra... við t.d. BIL

Bergþóra Halldórsdóttir - Samtök atvinnulífsins

Kom á óvart að listamenn væru ekki hluti vinnumarkaðarins.

Aukning að list sé að koma inn í allan iðnað og atvinnulíf.

Samtök atvinnulífsins eru samtök fyrirtækja, öll fyrirtæki velkomin... Þarf að finna leiðir inn, þau eiga í samtali við listamenn Taka undir að bera meiri virðingu fyrir listageiranum.

Hugsjónir hér hjá SA að ýta undir skapandi orku, tekið þessari þróun fagnandi.

Ragnhildur Zoega - RANNÍS

Þangað færðust sjóðir frá ráðuneytinu 2013. Þurft að berjast fyrir menningarsviðinu innan Rannís, menning og listir áttu ekki upp á pallborðið þar inni.

3 svið; Tækniþróunarsjóður, Listir og hönnun, - Listamannalaun atvinnuleihópar.. o.fl.

Alþjóðlegir sjóðir. Menntasjóðir sem líka fúnkera fyrir listamenn.

Um milljarður var veitt í styrki, helmingur í listamannalaun, sem eru verktakalaun.

40% fá 6 mánuði og meira.

Allir aðilar þurfa að koma saman og finna tölfræðina.

Kolbrún: BÍL hefur farið fram með beiðni um að skrá tölfræði listarinnar. Menningartölfræði.

Limbó um þetta mál milli ráðuneyta og annarra í mörg ár.

Var sett í Hagstofuna, en ekkert hefur gerst.

Þörfin á listamannalaunum... 2016 til úthlutunar 1600 mánuðir, sótt um 11.380 mánuði!

Bárust 941 umsókn, úthlutað 378 listamanna, munur 1.203 einstaklingar.

Þessi úthlutun hefur staðið í stað í a.m.k. 3. ár.

Aðstoðarmenn ráðherra með 200 millj. í árslaun!!!

Guðrún Þjörk STEF

Tónlistarmaður... vantar í STEF fjármagn til að finna forleggjara fyrir tónlistarmanninn.

Tónlistarmaður þarf útgefanda, umboðsmann, bókara, stúdíó... t.d. En til að geta gert þetta

og fundið fólk í þetta og fjármagn Hvað gerir hann fjárhagslega á meðan?... þarna vantar fjármagn og fólk. Einhvern sem hjálpar í þessari nýsköpun.

Berglind:

Það þarf ákveðið samstarf milli tónlistarmanna og geyma þekkingu, safna henni saman. Nýsköpunarsjóður er kominn í viðræður við tónlistarfélög um að vinan þetta þannig. Við þurfum bara að tala saman.

Fríða Björk Ingvarsdóttir:

SI og SA myndu pottþétt borga listamönnum laun! En hið opinbera krefst alltaf þess að listamenn vinni frítt. Þ.e. “þeir hafa nú fengið listamannalaun”
15-20 þús. störf í samfélaginu eru listamenn. Mikið af þessu er unnið fyrir hið opinbera...
Það væri akkur fyrir listamenn að vera í þeirra félagi, SA og SI.
Stjórnámálamenn virðast ekki skilja að listamenn þurfa að fá greitt.

Allir fagna samtalinu og halda áfram að byggja brýr.